

Ed.

472. Nefndarálit

[165. mál]

um frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt málið á mörgum fundum og voru þrír þeirra sameiginlegir með samgöngunefnd Nd. Á tveimur þeirra mætti nefnd sú, sem unnið hafði að samningu frv. og sagt er frá í athugasemdum þess. Gerðu nefndarmenn ítarlega grein fyrir breytingum á skipulagi pósts og síma, sem unnið hefur verið að og felast í frv. Á þriðja fund nefndarinnar komu formenn starfsmannafélaga pósts og síma, þeir Ágúst Geirsson, form. Félags ísl. símamanna, Björn Björnsson, form. Póstmannafélags Íslands, og Gylfi Már Jónsson, form. Félags háskólamenntaðra póst- og símamanna, og skýrðu þeir frá viðhorfi starfsmanna pósts og síma til frv. Að beiðni nefndarinnar sendu þeir síðar skriflega greinargerðir um afstöðu starfsmannafélaganna til málsins. Er þar mælt með þeirri heildarstefnu, sem fram kemur í frv., en gerðar athugasemdir við nokkur einstök atriði. Hefur samgöngunefnd reynt að taka tillit til sumra þeirra og verður nánari grein gerð fyrir því í framsögu.

Samgöngunefnd mælir með samþykkt frv. með þeim breytingartillögum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali. Stefán Jónsson og Eggert G. Þorsteinsson skrifa undir nefndarálitið með þeim fyrirvara, að þeir muni flytja breytingartillögu við það. Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Jón G. Sólnes.

Alþingi, 19. apríl 1977.

Jón Helgason, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Stefán Jónsson, með fyrirvara.
Eggert G. Þorsteinsson, með fyrirvara.	Steinþór Gestsson.	Ingiberg J. Hannesson.